

Svar við fyrirspurn MIR2511008

Hver er skipting frístundakortsins milli allra félaga í Reykjavík árið 2024 og fyrir árið 2025 til 15.11. 2025, út frá iðkendum innan hverfa ekki bara stærstu fjölgreinafélaganna heldur allra félaga eftir aldri, kyni og lögheimilisbúsetu í samanburði við skráða iðkendur félaganna í Abler.

Skipting milli allra félaga – fjöldi iðkenda eftir kyni fyrir árin 2024 og 2025 í excelskjali.

Fjöldi iðkenda frá IBR í sama skjali fyrir árið 2024 eru í flípa 3 í sama skjali. Ekki eru komin gögn frá IBR fyrir árið 2025. Ekki er hægt að nálgast gögn frá IBR úr Abler með nákvæmari hætti en það sem kemur fram í skjalinu og sú úrvinnsla því takmörkuð.

Hverjar eru tölur iðkenda, eftir aldri, kyni, lögheimili og tómstund í abler og þeirra sem raunverulega greiða æfingagjöld í samanburði við nýtingu frístundastyrksins?

Í Hvata sem er Frístundakortakerfið eru:

Árið 2024

Börn sem skráð eru í tómstundir **18.311**, börn sem ráðstafa Frístundakorti **16.629**

Til 20. nóv 2025

Börn sem skráð eru í tómstundir **18.720**, börn sem ráðstafa Frístundakorti **16.382**

Eftir póstnúmeri og kyni má sjá skiptingu fyrir árið 2024 hér

	Þjóðskrá		Fjöldi skráður		Fjöldi sem nýtir styrk	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
101 Reykjavík	779	839	641	615	603	583
102 Reykjavík	179	164	178	161	167	153
103 Reykjavík	155	126	142	107	137	104
104 Reykjavík	843	836	756	803	706	742
105 Reykjavík	1271	1258	1155	1171	1079	1098
107 Reykjavík	792	761	744	686	707	653
108 Reykjavík	1112	1079	1003	948	954	907
109 Reykjavík	1103	1081	948	869	908	831
110 Reykjavík	1173	1185	1064	1019	1005	975
111 Reykjavík	647	613	453	403	434	386
112 Reykjavík	1349	1286	1307	1294	1118	1073
113 Reykjavík	854	826	806	740	729	704
116 Kjalarnes	36	42	38	34	36	33
150 Reykjavík	21	18	2	3	1	3
162 Reykjavík	23	38	19	30	18	30

Hvað eru mörg börn sem aldrei nýta frístundastyrkinn út frá lögheimili, kyni og aldri?

Mögulegt er að sjá að 16.629 börn á aldrinum 6-18 ára hafa nýtt Frístundakort að einhverju leiti árið 2024. Reykvísk börn á aldrinum 6-18 ára voru skráð 20.489 sama ár. Það voru því **3860** börn sem ekki nýttu Frístundakort.

Þar af voru **1735 strákar** og **1877 stelpur**. Skipting eftir hverfum kemur í töflu hér að neðan. Ekki er mögulegt að skoða þátttöku eftir árum niður á kennitölu þannig að ekki er hægt að segja til um það hvort það séu sömu börn sem nýta ekki Frístundakort milli ára.

101 Reykjavík	432
102 Reykjavík	23
103 Reykjavík	40
104 Reykjavík	231
105 Reykjavík	352
107 Reykjavík	193
108 Reykjavík	330
109 Reykjavík	445
110 Reykjavík	378
111 Reykjavík	440
112 Reykjavík	444
113 Reykjavík	247
116 Kjalarnes	9
150 Reykjavík	35
162 Reykjavík	13